

## 24. gr.

Samstarfsvilji fyrirtækja er eingöngu einn þáttur af mörgum sem samkeppnisráði er heimilt að líta til við mat á sektum. Þessar reglur takmarka ekki heimildir samkeppnisráðs til að lækka sektir af öðrum ástæðum.

## 25. gr.

Það að fyrirtæki njóta ívilnunar við ákvörðun sekta veitir þeim ekki einkaréttarlega vernd vegna aðildar að ólögum samráði. Ef upplýsingar sem fyrirtækið lætur í té leiða til þess að samkeppnisráð tekur íþyngjandi ákvörðun verður fyrirtækið sem nýtur niðurfellingar eða lækkunar á sekt einnig tilgreint í þeirri ákvörðun og þess getið að það hafi brotið gegn samkeppnislögum og hlutverki þess lýst nákvæmlega. Sú staðreynd að fyrirtækið starfaði með Samkeppnisstofnun verður einnig nefnd í ákvörðuninni til að útskýra hvers vegna sekt var ekki lögð á eða hún lækkuð.

## IV. KAFLI

**Gildistaka.**

## 26. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 1. mgr. 6. gr., sbr. 2. mgr. 52. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, með áorðnum breytingum, og öðlast gildi við birtingu.

*Samkeppnisstofnun, 30. apríl 2002.*

**Georg Ólafsson.**

*Kirstín Flygenring.*

**GJALDSKRÁ****fyrir kattahald á Siglufirði.**

## 1. gr.

Eigendur katta í Siglufjarðarkaupstað skulu greiða bæjarsjóði skráningargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald í Siglufjarðarkaupstað frá 8. ágúst 2001, sbr. 2. gr. hennar.

## 2. gr.

Við umsókn um skráningu kattarins skal innheimta gjald að upphæð kr. 1000.

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar með vísan í samþykkt um Kattarhald í Siglufjarðarkaupstað frá 8. ágúst 2001 staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Siglufirði, 21. maí 2002.*

**Guðmundur Guðlaugsson** bæjarstjóri.